

**Nd.**

**117. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til þess að rannsaka og gera tillögur um skipsmiðastöð (dock) í Reykjavík.

Flutningsm.: Einar Arnórsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd — og sé einn skipaður samkvæmt tillögum bæjarstjórnar Reykjavíkur og annar

eftir tillögum stjórnar Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda — til þess að rannsaka og gera tillögur um gerð og starfrækslu skipsmiðastöðvar í Reykjavík eða í grennd við hana til skipabyggingar og skipaviðgerðar.

Ríkissjóður greiði kostnað af störfum nefndarinnar.

#### Greinargerð.

Eimskipafloti landsmanna er nú nálægt 100 skipum. Þau eru nálega öll stærri en svo, að fullnaðarviðgerð á spjöllum á þeim eða bilunum verði framkvæmd hér, vegna þess, að ekki eru hér tæki til þess. Ekki mun heldur vera auðið að flokka („klassa“) skip hér til fullnaðar, og er orsökina sú sama. En af þessu leiðir, að sigla verður skipum þessum til annara landa til viðgerða, oft eftir að bráðabirgðaviðgerð hefir farið hér fram, til þess að gera skipin sjófær, en kostnaður af slíkri bráðabirgðaviðgerð fer að öðru leyti vanalega að mestu eða öllu til einskis. Með þessum hætti tapast allmikill tími, ferðir til útlanda valda miklum kostnaði og stórfé fer árlega út úr landinu til vinnulauna við viðgerðirnar og erlendir efnisalar fá sölugróða á efni, sem innlendir salar fengju, ef verk þessi gætu farið fram hér á landi. Ennfremur má telja víst, að váttryggingargjöld skipa mundu geta lækkað, ef hér væri samskonar aðstaða til rannsóknar skipa og viðgerða sem annarsstaðar, þar sem þeim málum er komið í nútímahorf.